

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas hf. bikstöð Akureyri Krossanes, Akureyri



Umhverfis-  
og orkustofnun

|                     |                            |                         |                |
|---------------------|----------------------------|-------------------------|----------------|
| Dags eftirlits      | 8.10.2025                  | Ábyrgðarmaður eftirlits | Kristín Kröyer |
| Fyrirtæki           | Colas hf. bikstöð Akureyri | Eftirlitsmaður          |                |
| Heimili             | Óseyri 8                   | Tegund eftirlits        | Reglubundið    |
| Kennitala           | 4604820979                 | Flokkur                 | Olía           |
| Fulltrúi fyrirtækis | Björk Úlfarsdóttir         | ÍSAT nr.                |                |
| Fulltrúi fyrirtækis |                            | Staðsetning             |                |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sjö frávik frá kröfum í starfsleyfi eða lögum og reglugerðum fundust við eftirlitið einnig voru gerðar þrjár ábendingar um það sem betur má fara.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með bikstöð Colas Ísland hf. á Akureyri þann 8. október 2025. Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Stöðin er með starfsleyfi frá 10. desember 2020. Gerðar voru breytingar á starfsleyfinu þann 17. september 2021.

Dagskrá eftirlitsins:

1. Niðurstöður síðasta eftirlits
2. Kynning á fylgiskjöllum
3. Umfang starfseminnar
4. Tryggingar
5. Frárennsli
6. Innra eftirlit og vöktun
7. Áhættumat
8. Kvartanir
9. Vettvangsferð

### 1. Niðurstöður síðasta eftirlits

Engin eldri frávik voru opin þegar farið var í eftirlitið. Hins vegar voru þrjár ábendingar frá fyrra eftirliti sem ekki hefur verið bætt úr. a) Uppfæra þarf áætlanir, umhverfisáætlun og verklagsreglur. Að eftirlitinu loknu sendi rekstraraðili inn viðbragðsáætlun vegna efnaleka og bráðamengunar hafs og stranda. b) Merkja þarf alla geyma í samræmi við reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi og senda staðfestingu til UOS. Búið er að ljúka við að merkja alla geyma. c) Bent er á að skv. 30. gr. reglugerðar 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá landi skal vera sjálfvirkur viðvörunarbúnaður í olíuskilju. Upplýsingar varðandi það voru ekki til staðar við eftirlit og sendir rekstraraðili þær upplýsingar til eftirlitsaðila um leið og þær liggja fyrir. Upplýsingar um viðvörunarbúnað hafa ekki borist stofnuninni en framkvæmd var mæling úr olíuskiljunni sem reyndist innan marka starfsleyfisins.

### 2. Kynning á fylgiskjöllum

Rekstraraðila voru send fylgigögn með boðun eftirlitsins. Farið var yfir þessi fylgigögn í eftirlitinu. Kynnt var breytt verklag við eftirlit stofnunarinnar, leiðbeiningar um olíuskiljur, gagnagrunnur um mengaðan jarðveg, breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits, heimild stofnunarinnar til álagningu stjórnvaldssektar og gjaldskrá stofnunarinnar.

### 3. Umfang starfseminnar

Samkvæmt starfsleyfi er heimilt að á svæðinu hafa 2000 m<sup>3</sup> af biki + 2 stk 50 tonna geymar fyrir lífolíu og viðloðunarefni auk plastkara. Í eftirlitinu kom fram að tankarnir eru að sömu stærð og starfsleyfið gerir ráð fyrir og því ekki mögulegt að geyma meira efni en heimilt er í starfsleyfi.

### 4. Tryggingar

Rekstraraðili framvísaði ábyrgðatryggingaskýrteini upp á 1 miljón SDR

### 5. Frárennsli

Olíuskiljan á svæðinu er skv. rekstraraðila í flokki 2. Yfirfara þarf virkni olíuskiljunnar á 6 mánaða fresti en það hefur ekki verið gert síðan 2020.

## 6. Innra eftirlit og vöktun

Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, þar með taldar þrær, olíuskiljur og yfirferð á virkni olíuskilja sbr. gr. 3.5. er ekki skráð.

Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar er skráð í sömu skrá og úrgangur frá Amomatic.

Í starfsleyfi kemur fram að mæla skuli olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar. Þetta hefur ekki verið gert hingað til. En rekstraraðili framkvæmdi mælingu að eftirlitinu loknu og sendi inn niðurstöðurnar sem uppfylla kröfur í starfsleyfi.

Þrýstiprófa skal lagnirnar á 5 ára fresti. Framkvæmd var þrýstiprófun á löndunarlögninni í maí 2025. Ekki kemur þó fram hver þrýstingurinn var á lögninni eftir prófun.

Botnþykktarmælingar gerðar 2023. Þessar voru sendar stofnuninni að eftirlitinu loknu. Ósamræmi er í skýrslunum fyrir hvaða tanka þær gilda og það vantar niðurstöður mælinganna í skýrslurnar.

Samkvæmt gr. 4.2 í starfsleyfi skal skila niðurstöðum mælinga 1. maí ár hvert. Niðurstöðum var ekki skilað fyrir árin 2022, 2023 og 2024.

## 6. Áhættumat

Farið var yfir áhættumatið fyrir tíðni eftirlits.

## 7. Kvartanir

Hvorki rekstraraðila né umhverfis- og orkustofnun hafa borist kvartanir vegna rekstursins frá síðasta eftirliti.

## 8. Vettvangsferð

Talsvert magn af bömbum innihaldandi bikþeytu er geymt innan lekavarnarinnar. Þessi geymsla á bikþeytu er umfram heimild í starfsleyfi.

| Frávik frá             | Lýsing á fráviki                                                                                                                                                                                                                                                                                                                    |
|------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Gr. 3.5 í starfsleyfi. | Virkni olíuskilja skal yfirfarin a.m.k. á sex mánaða fresti.<br>Virkni skiljunnar hefur ekki verið yfirfarin síðan 2020.                                                                                                                                                                                                            |
| Gr. 4.1 í starfsleyfi. | Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar í rekstrarhandbók.<br>Rekstraraðili heldur ekki skrá um viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, þar með taldar þrær, olíuskiljur og yfirferð á virkni olíuskilja. |
| Gr. 4.2 í starfsleyfi. | Mæla skal olíu í fráveituvatni, að lágmarki þriðja hvert ár en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.5 séu uppfylltar.<br>Engar mælingar hafa farið fram hingað til. Rekstraraðili framkvæmdi mælingu að eftirlitinu loknu og sendi inn niðurstöðurnar sem uppfylla kröfur í starfsleyfi.                                       |
| Gr. 4.2 í starfsleyfi  | Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfisstofnunar 1. maí árið eftir. Niðurstöðum mælinga hefur ekki verið skilað fyrir 2024.                                                                                                                                                                   |
| Gr. 4.2 í starfsleyfi  | Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfisstofnunar 1. maí árið eftir. Niðurstöðum mælinga hefur ekki verið skilað fyrir 2023.                                                                                                                                                                   |

Gr. 4.2 í starfsleyfi

Niðurstöður mælinganna skulu færðar í rekstrarhandbók og skilað til Umhverfisstofnunar 1. maí árið eftir.  
Niðurstöðum mælinga hefur ekki verið skilað fyrir 2022

Gr. 1.2 í starfsleyfi

Í bikbirgðastöðinni er heimilt að taka á móti og geyma í einum geymi allt að 2000 m<sup>3</sup> af biki (bitumen) eða þau önnur olíufni sem eru ætluð til malbiks og olíumalarframleiðslu. Auk þess er heimilt að geyma á svæðinu lífolíu (etýlester) og viðloðunarefni í tveimur 50 tonna láréttum geymum og í plastkörum  
Talsvert magn af bömbum með bikþeytu eru geymdir ásvæðinu.

## ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila var bent á að skrá sérstaklega magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar fyrir hverja og eina starfsstöð.
2. Bent er á að í skýrslu fyrir þrýstiprófanir sem framkvæmdar voru í maí 2025 kemur ekki fram þrýstingur í lok prófunar. Því er ekki hægt að sjá hvort og eða hve mikið þrýstingsfall var í lögninni við prófun.
3. Botnþykktarmælingar voru gerðar 2023. Þessar voru sendar stofnuninni að eftirlitinu loknu. Ósamræmi er í skýrslunum fyrir hvaða tanka þær gilda og það vantar niðurstöður mælinganna í skýrslurnar.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.12.2025



Kristín Kröyer